

## Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 16. maí 2024

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu í Reykjavík, fimmtudaginn 16. maí 2024, kl. 13:30-15:50, auk þess sem honum var streymt.

Fundarstjóri: Sólveig Guðrún Hannesdóttir, rektor Menntaskólans í Reykjavík

Fundarritari: Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

### 1. Málstofa: Samskiptamál

Sigríður Kristindsdóttir, starfandi formaður FFR opnaði fundinn. Áður en hefðbundin dagskrá aðafundar hófst var haldin málstofa um mikilvægi vandaðrar samskiptastefnu, þekkingar á grunnþáttum almannatengsla og réttar ráðgjafar í þeim efnum. Fyrirlesarar voru þau Andrea Guðmundsdóttir, doktorsnemi í samskiptafræðum og aðjúnt og fagstjóri miðlunar og almannatengsla við Háskólann á Bifröst og Ingvar Örn Ingvarsson, framkvæmdastjóri alþjóðlegu almannatengslastofunnar Cohn & Wolfe á Íslandi. Skoðuðu þau málefnið frá tveimur sjónarhornum, því fræðilega og því praktíska.

Erindi Andreu bar yfirskriftina *Að eiga innistæðu í orðsporsbankanum*, en kjarni erindisins var um mikilvægi þess að vera fyrirbyggjandi þegar kemur að samskiptum. Vel getur reynst í krísunum að vera búinn að byggja upp gagnkvæm samskipti við hagaðila sem skapa virði, bæta ímynd og gefa innistæðu í orðsporsbankanum. Einnig ræddi hún fyrirbyggjandi aðgerðir og þá ferla sem þurfa að vera til staðar til að koma í veg fyrir krísur, í stað þess að bregðast við eftir að skaðinn er skeður. Að lokum ræddi hún ræða stöðu upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra í opinberum stofnunum á Íslandi.

Erindi Ingvars bar yfirskriftina *Fagleg almannatengsl* og fjallaði það um mikilvægi faglegrar ráðgjafar í almannatengslum sem byggir á þekkingu á aðferðafræði,

skilgreiningum, rétttri hugtakanotkun og tilhlýðilegri reynslu. Í lok erindanna gafst tækifæri til þess að spyrja þau Andreu og Ingvar nánar um efnið og spunnust fjörugar umræður í kjölfarið.

## 2. Setning aðalfundar; kosning fundarstjóra og ritara

Sigríður Kristinsdóttir lýsti aðalfund settan og lagði til að Sólveig Guðrún Hannesdóttir, rektor Menntaskólans í Reykjavík yrði fundarstjóri og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Sigríður til að Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og ritari stjórnar FFR yrði fundarritari og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Sólveig fundarstjóri kynnti sig og lýsti aðalfundinn löglega boðaðan.

## 3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár.

Sigríður Kristinsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2023 til og með apríl 2024. Í skýrslunni er helstu verkefnum stjórnarinnar lýst með eftirfarandi hætti, auk þess sem þar er gerð grein fyrir félagsstarfinu að öðru leyti:

- a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2023-2024
- b) Samráðsfundir FFR og KMR
- c) Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi og Noregi, Danmörku og Svíþjóð
- d) Fordæmisgefandi dómur fyrir forstöðumenn ríkisstofnana
- e) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um málefni forstöðumanna
- f) Endurmat á grunnmati starfa
- g) Óstaðbundin störf
- h) Endurskoðun starfsreglna stjórnar
- i) Fjölmíðlanámskeið
- j) Önnur verkefni

Sigríður þakkaði að lokum stjórn félagsins fyrir gott starf og góða samvinnu á líðandi starfsári.

## 4. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Ingibjörg Jóhannsdóttir, gjaldkeri FFR, lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningar félagsins voru bornir undir fundinn og þeir samþykktir samhljóða.

## 5. Lagabreytingar.

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir fundinum.

## 6. Stjórnarkjör

Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, stýrði stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar.

Fyrir fundinum lá að kjósa þrjá meðstjórnendur í stjórn félagsins til næstu tveggja ára, sbr. 6. gr. laga félagsins. Að þessu sinni gengu úr stjórn þær Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Elfa Ýr Gyldadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar og Ingileif Oddsdóttir, skólameistari Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra.

Fimm gáfu kost á sér sem meðstjórnendur til næstu tveggja ára, þau Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Elfa Ýr Gyldadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar, Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár Íslands, Huld Magnúsdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar og Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrotaskólans við Ármúla.

Gengið var til kosninga og fór Ársæll yfir úrslit þeirra. Greidd atkvæði voru 31 sem féllu þannig að Ágúst Hjörtur fékk 21 atkvæði, Elfa Ýr 14 atkvæði, Hildur 24 atkvæði, Huld 11 atkvæði og Magnús 23 atkvæði.

Eftirfarandi forstöðumenn skipa því stjórn félagsins fram að aðalfundi 2025:

Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár Íslands, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrotaskólans við Ármúla og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Formaður stjórnar er Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Ársæll óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

## 7. Kosning kjörnefndar

Sigríður Kristinsdóttir stýrði kosningu kjörnefndar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þau Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum og Salvör Nordal umboðsmaður barna. Ársæll gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í kjörnefnd en Ásdís og Salvör gáfu kost á sér áfram. Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar gaf kost á sér til starfa í nefndinni og var kjör hans, Ásdísar og Salvarar staðfest með lófataki.

## 8. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Sigríður Kristinsdóttir stýrði kosningu endurskoðenda félagsreikninga og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson fyrrverandi skattstjóri í Reykjavík og Ásta Sigrún Helgadóttir umboðsmaður skuldara. Gáfu þau bæði kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Gáfu þau bæði áfram kost á sér og var kjör þeirra staðfest með lófataki.

## 9. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að 25.000 kr. árgjald yrði óbreytt og var það samþykkt.

## 10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Sigríður starfandi formaður bað um orðið og kom á framfæri þökkum til fráfarandi stjórnarmanna fyrir þeirra mikla og góða starf í þágu félagsins. Jafnframt þakkaði Sigríður fundarstjóra fyrir fundarstjórnina.

Fundi var slitið kl. 15:50.

Arnór Snæbjörnsson, fundarritari